

# Eystrahorn

1. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 7. janúar 2021

www.eystrahorn.is

## Áramótapistill bæjarstjóra

Ég óska Hornfirðingum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir árið sem er nú liðið um leið og ég óska ykkur hamingju og velfarnaðar á nýju ári.

Árið 2020 er líklega árið sem mun standa upp úr í minningum okkar flestra næstu árin. Þegar ég les yfir áramótapistil minn sem ég skrifaði fyrir sléttu ári síðan óraði mig ekki hvað biði okkar. Kórónaveiran breytti öllu og má segja að hún hafi nú breytt aðstæðum bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Það sem einkennir þessar aðstæður er þó það að allur heimurinn er að glíma við þessa veiru þótt áhrifin séu misjöfn eftir löndum og einnig landsvæðum. Við getum verið ánægð með hvernig þróunin hefur verið á Íslandi. Hér hefur veiran haldist í skefjum samhliða aðgerðum stjórnvalda sem hafa treyst á ráðgjöf fagmanna. Hér í sveitarfélaginu höfum við verið lánsöm með hversu fá smit hafa greinst og ennfremur hversu lítið þau smituðu út frá sér, það má þakka skjóttum viðbrögðum þeirra sjálfra, starfsmanna sóttvarna, almannavarna og starfsmanna stofnana sveitarfélagsins.

Kórónaveiran hefur haft töluverð áhrif á rekstur sveitarfélagsins þó eru þau minni en spáð var fyrr á árinu. Aðgerðir stjórnvalda hafa þar haft áhrif þannig að útsvarstekjur hafa ekki dregist eins mikið saman og haldið var ásamt því að það náðist að tryggja stöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Atvinnuleysistöflur eru af áður óþekktri stærð en það er nánast eingöngu bundið við atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu ásamt því að flestir eru búnir að vera stutt á atvinnuleysisskrá. Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem hefur vaxið hvað mest á undanföllum árum og hefur m.a. staðið undir fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Hér hafa risið stór hótél og eru áform um enn frekari uppbyggingu. Það er því alveg ljóst að íbúar sveitarfélagsins og fjárfestar hafa trú á því að ferðaþjónustan muni taka við sér og vonandi sjáum við það gerast strax á þessu ári um leið og bólusetning verður útbreidd um allan heim. Það voru ánægjulegar fregnir sem við fengum þegar fyrsti íbúi sveitarfélagsins var bólueftur í lok síðasta árs en það gefur okkur von um bjartari tíma.

### Breyttir tímar – starfræn tækifæri

Síðasta ár hefur breytt mörgu í mínum störfum sem bæjarstjóri. Ferðalög hafa nánast lagst af og fundir alfarið færst í tölvuna. Ég flaug reglulega til Reykjavíkur eða keyrði fyrir Covid en nú man ég ekki hvenær ég fór síðast upp í flugvél innanlands. Ef ég myndi reikna út kolefnisfótsporin mín er líklegt að



losun hafi minnkað um helming á þessu ári. Samhliða færri ferðalögum hef ég grætt fleiri klukkustundir í vinnudaginn og á sama tíma aukinn frítíma með fjölskyldunni. Þetta er vonandi sú breyting sem mun festast í sessi, að þurfa ekki að skreppa til Reykjavíkur til að sitja 20 mín fund í einhverju ráðuneytanna er t.d. eitthvað sem verður vonandi ekki aftur. Öll stjórnsýslan hefur nú tileinkað sér nýja fundartækni, ráðstefnur eru haldnar rafrænt, fundir, námskeið o.fl. Sem dæmi eru nú flest námskeið hjá Endurmenntun HÍ haldin rafrænt! Ný vinnustaðarmenning og starfæn tækni færir Sveitarfélaginu Hornafirði aukin atvinnutækifæri. Nú hefur sveitarfélagið opnað nýja skrifstofu sem skilgreind er fyrir störf án staðsetningar og í undirbúningi er að auglýsa Hornafjörð sem búsetukost fyrir þá sem vilja flytja störf sín út á land. Við erum með öflugan FabLab smiðju sem býður upp á mörg tækifæri í nýsköpun og er nú í undirbúningi að skrifa undir samning við menntamála- og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið um fjárframlag til reksturs smiðjunnar. Hér eru allir innviðir til staðar til að nýta tæknina og styðja við framþróun, nú er lag að taka stefnuna þangað.

### Verkefni sveitarfélagsins

Í lok árs var fjárhagsáætlun samþykkt fyrir árið 2021. Fjárhagsáætlunin ber keim af bjartsýni og kjarki til að halda áfram þrátt fyrir erfiða tíma. Þjónusta við íbúa skerðist ekki þrátt fyrir að kreppi að. Það verður haldið áfram viðhaldi á húsnæði sveitarfélagsins en nú er framkvæmdum í

vörúhúsinu að mestu lokið og breytingar á húsnæði að Víkurbraut 24 sem mun hýsa heimaþjónustudeild, félagsmálasvið og málefni fatlaðra langt komnar. Næst á dagskrá eru endurbætur innanhúss í Sindrabæ, fyrirhugaðar breytingar í Hrollaugsstöðum þar sem útbúnar verða fimm leiguíbúðir. Mikigarður fær áfram viðhald og nálgast það ástand að hægt verður að nýta húsið betur. Framkvæmdir við gatnagerð við Hafnarbrautina fara af stað fljótlega en það stýttist í að hægt verði að bjóða þær út. Í lok þessa árs verður vonandi allt dreifbýli sveitarfélagsins komið með ljósleiðara þegar strengur verður lagður í Lónið.

Breytingar eru fyrirhugaðar varðandi rekstur hjúkrunar- og dvalarheimilisins Skjólgarðs en nýr rekstraradili mun taka við á nýju ári. Rekstrarstaðan hefur verið þung á síðustu tveimur árum og treystir sveitarfélagið sér ekki til að greiða með rekstri sem ríkið ber ábyrgð á. Það eru erfið skref að taka sér í lagi fyrir mig persónulega eftir áralangt starf hjá stofnuninni en þar starfaði ég samtals í 14 ár. Stofnunin á sér stað í hjarta mínu enda frábær starfsemi sem haldið er uppi af kraftmiklu og lausnarmiðuðu starfsfólki. Vonandi munu breytingarnar verða farsælar og sveitarfélagið leggur áherslu á að þjónustustigið verði óbreytt. Fyrsta skóflustunga að viðbyggingu við hjúkrunarheimilið verður tekin á árinu 2021 og verður það vonandi í byrjun apríl. Breytingar á rekstraradila hefur ekki áhrif á framkvæmdina.

Sveitarfélagið vill taka afgerandi skref í loftslagsmálum og mun það koma fram í

...framhald á bls. 3



# Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

11., 12. og 13. janúar.

Tímappantaniir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. janúar.

Næsta skoðun 15., 16. og 17. febrúar

## Frumherji

*Þegar vel er skoðað*

### Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs

Breytingar hafa verið gerðar á Gjafa- og minningarsjóði Skjólgarðs.

Ný kennitala, nýr reikningur og ný staðsetning á netinu:

- Kennitala: 611020-0820
- Bankaupplýsingar: 0133 – 26 – 001263  
*Ef greitt er í heimabanka þá senda kvittun á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)*
- Sjóðurinn er á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar og er hnappur kominn á forsíðuna - [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)
- Móttökuritari ráðhússins afgreiðir einnig minningarkort

## Þorrabakki kkd Sindra

### 22 Janúar

Þorrablótíð sent heim að dyrum!

Karfan býður Hornfirðingum að panta veglegan þorrabakka fyrir tvo á aðeins 8000 kr!

Pantanir skulu berast fyrir kl 12:00 miðvikudaginn 20. janúará á netfangið [karfa@umfsindri.is](mailto:karfa@umfsindri.is) - Í síma 857-8813 (Fyrirliðinn) - Í síma 894-4663 (Þorgrímur) .



### Bakkinn inniheldur

Súrmatur

Grísasulta - Sviðasulta - Blóðmör - LiFrappylsa - Hrútsþungar - Hvalur

Nýmeti

Grísasulta - HangiFrampartur - Harðfiskur - Hákarl - Sviðasulta - Saltkjöt - Síld - Rófustappa - Kartöflumús - Flatkaka - Smjör



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Flugeldarusl

Mikilvægt er að íbúar sjái sóma sinn í að hreinsa til eftir áramót á gangstéttum og opnum svæðum sem allra fyrst.

Að gefnu tilefni er vert að minna íbúa á ábyrgð sína gagnvart flugeldarusli sem það er valdur af.

Flugeldarusl er ekki endurvinnsluefni og skal skilað í gámaportið þar sem sérstök söfnun á því fer fram.

Það er öllum til haga að tína ruslið upp sem fyrst áður en það frystir eða fýkur út á haf!

Gleðilegt nýtt ár!

*Umhverfisfulltrúi*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

### ÖKUKENNSLA

Sendum Hornfirðingum okkar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár og þökkum viðskiptin á liðnum árum.


Höfum bætt við þjónustuna hjá okkur og kennum B réttindi á bæði beinskipta og sjálfskipta bíla.

Einnig BE réttindi, þ.e. kerrupróf upp að 3500 kg. heildarþunga eftirvagns.

*Dúddi og Sigfinnur ökukennarar*

*Upplýsingar í síma: 894-5614 og 847-6635*

## DÓSASÖFNUM KÖRFUNNAR LAUGARDAGINN 9.1.2021



Hvetjum Hornfirðinga til að setja hátíðardósirnar sem hafa safnast upp inn í geymslu út á gangstétt klukkan 10:00 eða 13:00 á laugardaginn en þá munum við í Körfuknattleiksdeildinni rúnta um Höfn og safna dósúm.

**SINDRI**  
KÖRFUBOLTI



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Lítaprent

ISSN 1670-4126



Þeirri stefnumótun sem nú er unnið að. Ný stefna verður kynnt fyrir íbúum og starfsfólki í lok febrúar samhliða því að undirrituð verður loftslagsyfirlýsing milli Festu samfélagsábyrgð og Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem við í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu skuldbindum okkur til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt ætlum við að innleiða heimsmarkmiðin í okkar stefnu og starfsemi. Samhliða þessu er unnið markvisst að innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og UNICEF í gegnum verkefnið barnvænt sveitarfélag.

Það má því með sannri segja að það býr kraftur í íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Það er sterkur vilji til að ná árangri og byggja upp gott samfélag þar sem áhersla er á velliðan íbúa, verndun náttúrunnar og umhverfisins í kringum okkur. Ég vil enda þennan pistil á þessum orðum um leið og vil þakka ykkur fyrir þá samstöðu sem þið hafið sýnt á árinu í varðandi Covid og staðið vörð um okkar samfélag með öflugum sóttvarnaáðgerðum. Einnig minni ég á að ég er ávallt tilbúin í samtalið hvort sem er í gegnum síma, tölvupóst eða hitta fólk (þegar Covid leyfir). Gerum gott samfélag betra með uppbyggjandi og góðu samtali og jákvæðu hugarfari.

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri.*



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Breyting á opnunartíma afgreiðslu heilsugæslustöðvar HSU Hornafirði.

**Afgreiðsla heilsugæslunnar er opin frá kl. 08:00-15:00 alla virka daga frá og með 11. janúar 2021.**

Einnig er vakin athygli á því að frá og með 1. janúar 2021 er eingöngu hægt að óska eftir lyfjaendurnýjun með rafrænum skilríkjum í gengum [www.heilsuveru.is](http://www.heilsuveru.is)

Ef einhverjir verða í vandræðum með að nota Heilsuveru, verður þeim veitt aðstoð.

Fundin verður leið fyrir þá sem ekki geta nýtt sér Heilsuveru og hafa ekki aðstandendur til þess að sjá um þessi mál.

En aðeins undantekningarhópurinn fær þjónustu símleiðis.

Þegar ekki er hægt að velja endurnýjun á lyfi í Heilsuveru, geta verið nokkrar ástæður fyrir því að það er ekki hægt, eins og:

- þegar lyfseðill er orðinn of gamall
- ef breyta þarf skammtastærð
- annað

Þá skal **senda fyrirspurn** í gegnum **Heilsuveru** – *undir Samskipti* – *Ný fyrirspurn*.

Flestar slíkar fyrirspurnir er hægt að afgreiða.

Ef ekki verður hægt að afgreiða fyrirspurnina, verður henni svarað eftir föngum, hvort sem það verður að biðja viðkomandi að pantast sítíma eða annað.

Mælum með að fólk sé almennt tímalega í því að endurnýja lyf.

**Þetta fyrirkomulag verður tekið í notkun 1. janúar og endurskoðað að ákveðnum tíma liðnum.**

Símanúmer heilsugæslustöðvarinnar er **432-2900**

Símanúmer vaktlækna eftir lokun er **1700**



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Klippikort í gámaport 2021

### Klippikort fyrir gjaldskyldan úrgang

Klippikort ársins 2021 eru tilbúin til afhendingar í afgreiðslu ráðhús sveitarfélagsins.

Eitt klippikort fylgir hverjum fasteignargjöldum íbúðarhúsnæðis.

Kortið fæst ekki bætt ef það glatast.

Hægt er að kaupa auka kort á 8000kr

Vegna sóttvarna er ráðhúsið almennt læst en íbúum er bent á að koma bakdyra megin og þá er hurðin opnuð og kortið afhent. Einnig er hægt að hringja á undan sér.

*Umhverfisfulltrúi*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Söfnun jólatrjáa

**Íbúar eru beðnir um að fara með jólatré á þar til gerðan stað en ekki skilja það eftir við lóðarmörk.**

Gámur ætlaður fyrir greni og furutré sem hafa þjónað tilgangi sínum í stofum fólks yfir hátíðarnar verður staðsettur fyrir utan Áhaldahúsið við Álaleiru 2 næstu vikuna. Hvetjum íbúa til að nýta sér þjónustuna.

Trén enda síðan lífdaga sína við það að gleðja geitur í næsta nágrenni.

*Umhverfisfulltrúi*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

# Uppgjör hauststarfa í sauðfjárrækt í Austur-Skaftafellssýslu 2020

Pátttaka í lambadómum í Austur-Skaftafellssýslu var góð, að vanda. Dæmd voru alls 2805 lömb, þar af 522 lambhrútar og 2283 gimbrar, tæplega 1% fleiri lömb en 2019.

Vænleiki lamba var yfirleitt góður og voru lambhrútar að meðaltali 48.5 kg og með 84.4 heildarstig. Ómvöðvi var að meðaltali 30.3 mm, ómfita 3.1 mm og lögun 4.0. Gimbrarnar voru 41.8 kg að meðaltali, með 28.6 mm ómvöðva, 3.0 mm ómfitu og lögun 3.9.

Alls voru 46 lambhrútar með 86.5 heildarstig og þar af voru þrjár lambhrútar með 88,0 heildarstig. Í þriðja sæti er lambhrútur nr. 1582 frá Setbergi með 88.0 heildarstig, 54.5 fyrir alls2 sem eru samanlögð stig fyrir háls/herðar, bringu/útlögur, bak, malir og læri. Hann er undan Landa 18-506 Óðinssyni 15-992 og móðurfaðir er Grímur 14-995. Í öðru sæti er lambhrútur 20-315 Glæsir frá Litla-Höfi með 88.0 í heildarstig, 55.0 fyrir alls2 og með 30 mm bakvöðva. Glæsir er undan Glæpon 17-809 og mff. Ás 09-877. Í fyrsta sæti er lambhrútur 20-593 frá Nýpugörðum með 88.0 heildarstig, 55.0 fyrir alls2 og ómmæling 36.0 mm ómvöðvi, 4.8 mm ómfita og 5.0 í lögun. Lambhrútur 20-593 er undan Glæpon 17-809 og móðurfaðir Mávur 15-990. Í meðfylgjandi töflu má sjá 10 efstu lambhrúta í sýslunni. Lambhrútur 20-593 frá Nýpugörðum er því handhafi Guðjónsskjaldarins haustið 2020.



Elvar Þór Sigurjónsson handhafi Guðjónsskjaldarins

Skjöldurinn er gjöf frá Búnaðarfélagi Hofshrepps til minningar um Guðjón Þorsteinsson bónda í Svínafelli sem var brautryðjandi í sauðfjárrækt á sinni tíð. Skjöldurinn er gerður af listakonunni Siggú á Grund og er þetta í 9. skiptið sem hann er afhentur.

## Austur-Skaftafellssýsla - 10 stigahæstu lambhrútar haustið 2020

HEITI BÚS	LNR	F.NR.	NAFN	B	G	L	FADIR		Þ	Ómv	Ómf	Lag	FL	H+H	B+Ú	Bak	Malir	Læri	ULL	SR	Alls1	Alls2
Nýpugarðar	0553	20-593		1	1	30	17-809	Glæpon	56	36	4,5	5,0	107	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,5	88,0	55,5
Litla-Höf	0126	20-315	Glæsir	2	2	10	17-809	Glæpon	50	30	2,9	4,0	106	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,0	8,5	88,0	55,5
Setberg 1	1582			3	2	10	18-506	Landi	56	33	5,3	4,0	113	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,5	88,0	54,5
Fornustekkar I	2074	20-010	Blómi	1	1	10	18-108	Skygnir	52	39	4,4	5,0	115	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,5	87,5	55,0
Setberg 1	6142	20-680	Ómur	2	2	30	14-504	Lómur	46	37	3,1	5,0	107	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	87,5	55,0
Svínafell 3	0698	20-517	Ljúfur	1	1	39	19-516	Gullmoli	64	36	4,7	4,5	113	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	7,5	9,0	87,5	55,0
Hnappavellir 7	0032	20-152	Rofi	1	1	10	15-990	Mávur	59	32	2,9	4,0	110	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,5	87,5	55,0
Nýpugarðar	0035	20-589		2	2	12	16-829	Stapi	58	39	3,1	5,0	106	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	7,5	8,5	87,0	55,0
Setberg 1	2111			2	2	12	14-504	Lómur	53	37	4,0	4,5	111	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	7,5	8,5	87,0	55,0
Fornustekkar I	0485			1	1	10	19-029	Aðall	47	37	4,7	4,5	108	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	7,5	8,5	87,0	55,0

Alls2 er samanlögð stig fyrir háls/herðar, bringu/útlögur, bak, malir og læri.

Stigahæsta gimbrin er nr. 4512 frá Setbergi með 46.0 stig alls. Hún var 50 kg, 34.0 mm ómvöðva, 9.5 fyrir framburt og 19.0 fyrir malir/læri. Alls voru 123 gimbrar með 44.0 í heildarstig. Þykkasti bakvöðvinn var í gimbur 20-150 frá Svínafelli 3 Bólta með 39.0 mm. Hún er undan Svavari 16-830. Tveir lambhrútar voru með 39.0 mm bakvöðva. Það voru Blómi 20-010 frá Fornustekku undan Skyggni 18-108 og 20-589 frá Nýpugörðum undan Stapa 16-829. Í meðfylgjandi töflu má sjá 15 stigahæstu gimbrarnar.

## Stigahæstu gimbrar í Austur-Skaftafellssýslu 2020

HEITI BÚS	LNR	F.NR.	NAFN	B	G	L	FADIR		Þ	ÓMV	ÓMF	LAG	FL	H+H	LÆRI	ULL	SR	ALLS
Setberg 1	4512			3	2	10	14-504	Lómur	50	34	5,3	4,5	105	9,5	19,0	9,0	8,5	46,0
Setberg 1	1492	20-001	Prinsessa	2	2	10	17-515	Draumur	48	35	4,9	4,5	105	9,5	19,5	7,5	9,0	45,5
Svínafell 2 og 4	0528	20-059		1	2	10	17-809	Glæpon	53	37	3,7	5,0	111	9,5	18,5	8,5	8,5	45,0
Setberg 1	3252	20-003	Flétta	3	2	10	18-506	Landi	50	36	5,8	4,5	105	9,5	19,5	7,5	8,5	45,0
Ártún	0040	20-030	Gylta	2	1	10	14-644	Baltasar	49	33	5,9	4,5	108	9,5	19,0	8,0	8,5	45,0
Hali	0170	20-007	Sjöa	3	2	12	18-141	Dallur	45	32	4,4	3,5	108	9,5	19,0	8,0	8,5	45,0
Setberg 1	5412	20-007	Lögg	2	2	12	14-504	Lómur	50	37	3,6	4,5	109	9,5	19,0	7,5	8,5	44,5
Svínafell 2 og 4	0738	20-084		2	2	10	19-463	Gæi	48	37	2,6	5,0	115	9,5	19,0	7,5	8,5	44,5
Bjarnanes	8591	20-546		3	1	10	19-095	Jarl	50	36	5,6	5,0	110	9,5	19,0	7,5	8,5	44,5
Viðborðssel	0644	20-067		2	2	10	16-829	Stapi	40	36	4,2	4,5	108	9,0	18,5	8,5	8,5	44,5
Kálfafell 2	0078	20-016	Mynd	2	1	10	18-834	Rammi	47	34	2,9	4,5	106	9,0	19,0	8,0	8,5	44,5
Hnappavellir 7	0022	20-335		1	1	10	19-106	Dekri	47	34	2,5	5,0	107	9,5	19,0	7,5	8,5	44,5
Svínafell 2 og 4	0438	20-083		2	2	10	17-809	Glæpon	61	34	6,9	4,5	113	9,5	19,0	7,5	8,5	44,5
Setberg 1	4122	20-006	Eðja	3	2	12	14-504	Lómur	47	33	4,4	4,5	106	9,5	19,0	7,5	8,5	44,5

Mikið var af góðum hrútsefnum og gimbrum sem dæmd voru í haust og verður spennandi að sjá hvernig þau munu reynast í ræktunarstarfinu á næstu árum.



# Sorphirða 2021

## Höfn í Hornafirði

janúar							febrúar							mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2		1	2	3	4	5	6		1	2	3	4	5	6
3	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12	13	7	8	9	10	11	12	13
10	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19	20	14	15	16	17	18	19	20
17	18	19	20	21	22	23	21	22	23	24	25	26	27	21	22	23	24	25	26	27
24	25	26	27	28	29	30	28							28	29	30	31			
31																				

apríl							maí							júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3							1			1	2	3	4	5
4	5	6	7	8	9	10	2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12
11	12	13	14	15	16	17	9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19
19	20	21	22	23	24		16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26
25	26	27	28	29	30		23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30			
							30	31												

júlí							ágúst							september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3	1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4
4	5	6	7	8	9	10	8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11
11	12	13	14	15	16	17	15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
18	19	20	21	22	23	24	22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
25	26	27	28	29	30	31	29	30	31					26	27	28	29	30		

október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2		1	2	3	4	5	6				1	2	3	4
3	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12	13	5	6	7	8	9	10	11
10	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19	20	12	13	14	15	16	17	18
17	18	19	20	21	22	23	21	22	23	24	25	26	27	19	20	21	22	23	24	25
24	25	26	27	28	29	30	28	29	30					26	27	28	29	30	31	
31																				

➔ Hreinsi vika 19-23 Apríl

- Græna tunnann þéttbýli Höfn
- Gráa tunnann þéttbýli Höfn
- Brúna tunnann þéttbýli Höfn
  
- Gráa tunnann Dreifbýli Höfn
- Græna tunnann Dreifbýli Höfn
- Spilliefnavika Dreifbýli
- Rúlluplast

# Lýðræði í orði en ekki á borði

Í eftirfarandi grein ætla ég að fjalla stuttlega um afgreiðslu meirihluta bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar á beiðni okkar, andstæðinga breytinga á skipulagi í Innbæ, um heimild til söfnunnar undirskrifta til þess að efnt verði til íbúakosninga um skipulagsbreytingarnar. Ég mun eingöngu fjalla um þátt kjörinna fulltrúa í meðferð málsins af hálfu Sveitarfélagsins því þeirra er valdið og þeirra er ábyrgðin.

Fyrir rúmu ári höfum við andstæðingar skipulagsbreytinganna andófið með formlegum aðferðum í samræmi við lög og eðlilega samskiptahætti. Við höfum leitast við að vera málefnaleg í málflutningi okkar, lagt áherslu á að færa fram rök málstaði okkar til stuðnings og höfum ætlast til hins sama af bæjaryfirvöldum.

Í lok október síðastliðinn lá fyrir að Skipulagsstofnun ríkisins heimilaði auglýsingu á nýju skipulagi og þar með samþykkti það þrátt fyrir að hafa gert 13 athugasemdir. Þegar svona var komið og eftir að hafa horfið frá því að kæra gerð skipulagsins til Kærurnefndar auðlinda- og umhverfismála, ákváðum við að óska eftir heimild bæjarstjórnarinnar til áður nefndrar söfnunnar undirskrifta eins og kveðið er á um í lögum að skuli gert. Þetta gerðum við með bréfi til forseta bæjarstjórnar 8. nóvember síðastliðinn og töldum að erindið sem ber með sér áhuga íbúa á skipulagsmálum yrði tekið fagnandi af bæjarstjórninni. Við töldum að ákvæði í Sveitarstjórnarlögum um samráð við íbúa mundi auka líkur á jákvæðum viðbrögðum og einnig áhugi fulltrúa Framsóknar á íbúalýðræði sem kemur fram í stefnuskrá B-listans fyrir síðustu kosningar til sveitarstjórnar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í Sveitarstjórnarlögum X. kafla: Samráð við íbúa, 102 gr. Réttur íbúa til áhrifa á stjórn sveitarfélagsins segir í fyrstu málsgrein eftirfarandi: “Sveitarstjórn skal leitast við að tryggja íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar. Í stefnuskrá B-listans í kafla með yfirskriftina Skipulagsmál og lýðræði eru þessar fyrstu þrjár málsgreinar: “Íbúalýðræði

hefur ekkert verið að flækjast fyrir okkur síðustu árin. Það er því mikilvægt að kjósendur vegi og meti hvort þeir vilji að vinnubrögð breytist við stjórn sveitarfélagsins. Leiðarljós okkar Framsóknarmanna í þeim efnum er betra upplýsingaflæði, meira samráð og gott viðmót í samskiptum sveitarfélags og íbúa þess”.

Þann 13. nóv. s.l. barst okkur svar bæjarstjórnarinnar við málaleitan okkar. Við urðum fyrir vonbrigðum því að ekki örlaði á jákvæðum undirteknum við áformum okkar til að koma á almennum vettvangi til skoðanaskipta um skipulagsmál í sveitarfélaginu með íbúakosningu. Í bréfinu kom fram að á fundi sínum 13. nóv. var beiðni okkar samþykkt með skilyrðum. Við teljum að sú gjörð bæjarstjórnarinnar að skilyrða heimildina til undirskriftasöfnunnar standist ekki lög og reglur. Í bréfi 15. nóv. til forseta bæjarstjórnar gerðum við grein fyrir þessu álit okkar og fórum fram á að bæjarstjórnin tæki erindið fyrir að nýju og heimilaði söfnun undirskrifta án skilyrða. Í þessu sama bréfi óskuðum við eftir að fá að seinka undirskriftasöfnuninni þar til sóttvarnareglur vegna covid19 hafa verið feldar úr gildi. Eftir enn frekari bréfasamskipti um málið tókst okkur að fá afdráttarlaus svör frá bæjarstjórninni. Á fundi sínum þann 10. des. endurskoðaði bæjarstjórnin fyrri samþykkt og samþykkti heimild undirskriftasöfnunnar án skilyrða en hafnaði að veita umbeðinn frest vegna covid19. Við afgreiðslu málsins lagði oddviti D-listans fram tillögu um frestun á málinu til þess að koma til móts við óskir okkar sem fulltrúi 3. framboðsins tók undir. Meirihluti bæjarstjórnar hafnaði tillögunni og þar með var ljóst að undirbúningi og framkvæmd undirskriftasöfnunnarinnar yrði að ljúka fyrir janúarlok til þess að teljast gild. Við afgreiðslu tillögu oddvita D-listans tók formaður bæjarráðs, oddviti B-listans í bæjarstjórn, til máls. Í máli formannsins komu fram fullyrðingar um að ómögulegt hefði reynst að eiga í viðræðum við okkur sem höfum verið í forsvari fyrir íbúa sem andvígir eru umræddum skipulagsbreytingum. Tiltók hún dæmi af fundi sem bæjarstjórnin átti með fulltrúum okkar. Á þeim


fundi hafi hún fengið gusu yfir sig, eins og hún orðaði það, frá öðrum fulltrúa hópsins. Formaðurinn nafngreindi ekki fulltrúann en sennilegt er að hún hafi átt við þann sem þetta skrifar. Ekki minnst ég þess að formaðurinn eða aðrir fundarmenn hafi gert athugasemdir við málflutning minn á fundinum þar sem við skiptumst á skoðunum augliti til auglitis. Einræðan sem oddviti B-listans viðhafði með “gusugangi” úr ræðupólti sveitarfélagsins á bæjarstjórnarfundinum þann 10. des. er ekki við hæfi og ætti bæjarfulltrúinn að biðja hlutadeigendur afsökunar á órökstuddum gifurýrðum sem hún viðhafði úr fyrrnefndu ræðupólti við fyrsta tækifæri.

Samkvæmt lögum ber okkur sem fáum heimild til söfnunnar undirskrifta skylda til að kynna ástæður og tilgang söfnunnarinnar fyrir íbúum. Við núverandi sóttvarnareglur vegna covid19, sem banna allt


samkomuhald og takmarka mjög öll samskipti fólks a.m.k. til 12. janúar, er nánast ómögulegt að verða við þessari skyldu um kynningu. Kynning er líka nauðsynleg til þess íbúar geti viðrað mismunandi skoðanir og umræða um þær fari fram. Þannig aukast líkur á að málefnið fái farsælan framgang.

Svona er málum fyrir komið um þessar mundir. Vonandi er lesandinn nokkru nær um aðdraganda, framgang og stöðu áforma okkar 223 íbúa (15% kjósenda sveitarfélagsins) um að koma á íbúakosningu um nýtt skipulag sem nefndt er “þétting byggðar í Innbæ”. Það sem ræður því að áform okkar um framkvæmd íbúakosningar eru í pattstöðu er viljaleysi og neikvætt viðmót meirihluta bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Yfirskrift þessa greinarkorns reynast orð að sönnu.

*Höfn í janúar 2021.  
Ari Jónsson*



**Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
véláttan fyrir alla


## Félagsþjónustan auglýsir eftir stuðning fyrir barn

Félagsþjónusta Hornafjarðar auglýsir eftir traustum og áreiðanlegum einstaklingi til að gerast stuðningur fyrir barn. Um er að ræða stuðning við dreng á grunnskólaaldri að skóladegi loknum 16 tíma í mánuði, æskilegt er að stuðningur sé karlkyns. Markmið starfsins er að rjúfa félagslega einangrun, efla einstaklinginn til sjálfstæðis í félagslegum samskiptum og gera honum kleift að njóta félagslífs og menningar. Stuðningur aðstoðar barnið við að auka virkni með það að leiðarljósi að einstaklingurinn gerist virkari þátttakandi í samfélaginu á sínum forsendum. Stuðningur þarf að leitast við að vera góð fyrirmynd fyrir þjónustuþega í orðum og gjörðum. Að vera stuðningur er skemmtilegt og gefandi starf sem getur t.d. hentað námsmönnum eða fólki í hlutastarfi.

**Hæfniskröfur:**

- Áhugi og færni í starfi með börnum og unglingum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf til barna og unglunga.
- Umburðarlyndi og vilji til samstarfs við foreldra.
- Hreint sakavottorð.
- Aðeins 16 ára og eldri koma til greina.

**Upplýsingar veitir Hildur Ýr Ómarsdóttir,  
ráðgjafarþroskaþjálfari í síma 470-8000 /  
hilduryr@hornafjordur.is**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is